SAMÞYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Þykkvabæjar.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Þykkvabæjar. Heimili þess og varnarþing er í Djúpárhreppi.

2. gr.

Tilgangur félagsins er, að sjá meðlimum fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru eftirtaldir aðilar:

Ábúendur eftirtalinna býla: Borg, Eyrartún, Bali I, Bali II, Húnakot, Suður-Nýibær, Hraukur, Unhóll, Tobbakot I, Tobbakot II, Vatnskot I, Vatnskot II, Háirimi I, Háirimi II, Rimakot I, Rimakot II, Norður-Nýibær, Baldurshagi, Melur, Sólbakki, Háteigur, Búð, Hávarðarkot I, Hávarðarkot II, Brekka, Miðkot, Smáratún, Jaðar, Hábær I, Hábær II, Skinnar, Dísukot I, Dísukot II, Vesturholt, Odds-Partur, Önnu-Partur, Skarð, Borgartún. Enn fremur eigendur eftirtalinna húsa: Unhóll, Rósalundur, Eyrarland, Kirkjuhvoll, Skólastjórabústaður, Barnaskóli, svo og eigendur eftirtalinna fyrirtækja: Sláturhús Friðriks Friðrikssonar, Vélaverkstæði Hákonar Hafliðasonar.

4. gr.

Stofngjald greiði:

Sláturhús Fr. Friðrikssonar	kr.	15 000.00
Vélaverkstæði H. Hafliðasonar	—	10 000.00
Aðrir félagsaðilar (hver um sig)	—	5 000.00

Stofngjald greiðist um leið og verkið hefst.

5. gr.

Félagið byggir vatnsveituna, og leggur æð að húsvegg hvers aðila.

6. gr.

Hver aðili á rétt á vatni til heimilisþarfa og atvinnureksturs. Félagsskylda er því skilyrði háð, að húseiganda sé látin í té afnot af vatni því, er félagið hefur til umráða.

7. gr.

Skylt er að taka nýja ábúendur í félagið, sé nægjanlegt vatnsmagn fyrir hendi. Nýr félagi greiði sama stofngjald og stofnfélagar. Þó verður ekki lögð lengri heimæð á kostnað félagsins en meðaltalslengd heimæða stofnfélaga.

8. gr.

Vatnsskatt skal innheimta árlega af hverjum aðila í félaginu, og skal hann ákveðinn þannig:

a. Til greiðslu vaxta og afborgana af stofnkostnaði, á alla aðila jafnt.
b. Til greiðslu á reksturskostnaði og viðhaldi veitunnar:
   1. Helmingur, eftir vatnsnotkun.
   2. Helmingur, fast gjald á hvern aðila.

Framantaldar greiðslur má taka lögtaki, ásamt áföllnum innheimtukostnaði, ef ekki er staðið í skilum.

9. gr.

Eignir félagsins standa til fullnægingar skuldbindingum þess.

Enginn félagsmaður ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins umfram gjöld þau, sem honum er gert að greiða til félagsins, samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar.

10. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður, gjaldkeri og ritari, kosnir á aðalfundi, til eins árs í senn, og einn til vara. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Enn fremur skulu kosnir tveir endurskoðendur til sama tíma.

11. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Til hans skal boðað bréflega eða persónulega með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef ⅔ hlutar félagsmanna mæta. Hafi aðalfundur fallið niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti fundur löglega boðaður aðalfundur lögmætur, án tillits til fundarsóknar. Á aðalfundi skulu teknar ákvarðanir um starfsemi félagsins á árinu, lagðir fram endurskoðaðir reikningar þess, og kosin stjórn og endurskoðendur.

12. gr.

Félagsfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna sækir hann, enda hafi verið boðað til hans á sama hátt og aðalfundar. Á félagsfundum hafa allir félagsmenn jafnan rétt, og ræður afl atkvæða úrslitum. Falli fundur niður vegna ónógrar fundarsóknar, telst næsti löglega boðaði fundur lögmætur án tillits til fundarsóknar.

13. gr.

Formaður félagsins kveður stjórnina saman til funda, og boðar félagsfundi og aðalfundi. Stjórnarfundur er því aðeins lögmætur, að allir stjórnarmenn séu mættir. Færa skal gerðabók, og skal fundarritari lesa upp fundargerð í lok hvers fundar, og undirskrifa hana ásamt fundarstjóra.

14. gr.

Stjórn félagsins hefur umsjón með vatnsveitunni, annast reikningshald hennar og innheimtu á gjöldum til félagsins. Hún sér um viðhald og viðgerðir á vatnsbóli og leiðslum. Viðhald og umbúnað í húsum annast félagsmenn hver hjá sér, undir eftirliti félagsstjórnar, að undanskildum vatnsmælum.

15. gr.

Samþykkt þessari má ekki breyta nema á aðalfundi, enda hafi breytinganna verið getið í fundarboði, og séu að minnsta kosti ⅔ hlutar fundarmanna þeim samþykkir.

Samþykkt þessi, sem samin er og samþykkt af Vatnsveitufélagi Þykkvabæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. marz 1965.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.